

7. gr.

Útilokun viðskipta.

Seðlabankinn getur án fyrirvara útilokað lánastofnun frá frekari viðskiptum samkvæmt reglum þessum hafi hún ekki hlítt ákvæðum þessara regna.

8. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem settar eru á grundvelli 6. og 7. gr. laga nr. 36/2001, taka gildi 21. desember 2004. Jafnframt falla þá úr gildi reglur um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands nr. 385 frá 29. maí 2002, með síðari breytingu nr. 449/2004, reglur um breytingu á reglum nr. 115 frá 13. febrúar 2001 um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands, nr. 510 frá 28. júní 2001, og reglur um vexti í ýmsum viðskiptum Seðlabankans, frá 21. desember 1993.

Reykjavík, 10. desember 2004.

Seðlabanki Íslands,

Birgir Ísl. Gunnarsson,
formaður bankastjórnar.

Eiríkur Guðnason
bankastjóri.

Jón Sigurðsson
bankastjóri.

AUGLÝSING**um deiliskipulagsbreytingu á Ísafirði.**

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar samþykkti á fundi sínum 7. október 2004 að breyta deiliskipulagi á Ísafirði.

Breytingin felur í sér að rúmlega 13600 m² lóð að Sindragötu 27, sem ætluð hefur verið fyrir olúbirgðastöð, er skipt upp í tvær lóðir, þ.e. u.þ.b. 5000 m² lóð fyrir iðnað (Sindragata 27) og u.þ.b. 7000 m² lóð fyrir olúbirgðastöð (Sindragata 29), auk breytingar á gatna-kerfi.

Deiliskipulagsbreyting þessi hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Ísafirði, 10. desember 2004.

Stefán Brynjólfsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.